



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.). 734. mál.

Velferðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er einkum verið að bregðast við niðurstöðum rannsóknarnefndar Eftirlitsstofnunar EFTA á starfsemi Íbúðalánasjóðs um að sjóðurinn njóti ríkisadstoðar í formi eigendaábyrgðar, vaxtaniðurgreiðslna, undanþágu frá arðsemiskröfu og greiðslu tekjuskatts.

Stjórnvöld, fjármálastofnanir og hagsmunaaðilar um allan heim hafa á undanfönum misserum verið að skoða fjármálakerfi heimsins og einstakra landa. Markmiðið er m.a. að draga úr fjármálaóstöðugleika og líkum á kreppum líkt og riðið hafa yfir fjármálakerfi heimsins á undanfönum árum og leitt til samdráttar á flestum sviðum atvinnulífs og samfélags.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur nýlega skilað til Alþingis skýrslu um framtíðarskipan fjármálakerfisins hér á landi. Á bls. 96 í skýrslunni segir m.a. að „Í skorti á heildarsýn á fjármálakerfið og tengsl þess við hagkerfið var fölginn mestur veikleiki – hér sem annars staðar.“ Samræmd umgjörð um alla fjármálastarfsemi er talin vera mikilvæg leið til að auka fjármálastöðugleikann. Meðal þess sem talið er mikilvægt er að einbeita sér því að koma í veg fyrir eignabólur með því að beita svonefndum þjóðhagsvarúðartækjum. Ekki er um það deilt að eignabólur myndast oft í kringum fasteignamarkaðinn. Það skýtur því skökku við að Íbúðalánasjóður sem til þessa hefur verið lykiladili í að fjármagna fasteignakaup hér á landi og er í eigu ríkisins skuli vera undir yfirstjórn velferðarráðherra sem skipar stjórn stofnunarinnar, ákveður þóknun stjórnarmanna og veitir samþykki sitt fyrir margvíslegum ákvörðunum stjórnar stofnunarinnar. Við endurskoðun á framtíðarskipan fjármálakerfisins væri eðlilegt að færa Íbúðalánasjóð undir sama ráðherra og viðskiptabanka. Einnig væri ástæða til, við þá endurskoðun, að leggja faglegt mat á það hvort og þá hversu stór hluti fasteignalána eigi að vera í sérstakri lánastofnun í eigu ríkisins, eða m.ö.o. hvort fela skuli fjármálafyrirtækjum umsýslu útlána til íbúðakaupa.

Samtök atvinnulífsins vilja einnig vekja athygli á ákvæði 16. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að „Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum sérstök vaxtakjör að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar vegna lána til leiguíbúða sem eingöngu eru ætlaðar tilgreindum hópi leigjenda sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum tilgreindum í reglugerð sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.“ Samtökin telja það vera óeðlilega mismunum í vaxtakjörum sem felst í þessu ákvæði gagnvart öðrum félögum og samtökum sem hyggjast reisa leiguíbúdir á grundvelli laga um húsnæðismál. Engar tryggingar eru fyrir því að umrætt húsnæði verði ekki



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

nýtt sem leiguhúsnæði fyrir aðra hópa síðar meir eða að kjör íbúanna batni án þess að þeir séu gerðir brottrækir úr viðkomandi íbúð. Þá er það í samræmi við vilja stjórnvalda um aukið gegnsæi að forðast duldar niðurgreiðslur sem þessa í stað þess að réttur viðkomandi sé bundinn í lögum um félagslega aðstoð í samræmi við aðstæður hverju sinni. Eðlilegra er að stuðningur við íbúðakaupendur eða íbúðaleigjendur með lágar tekjur sé í einu, samræmdu kerfi eins og því nýja kerfi húsnæðisbóta sem stefnt er að.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

